



UMHVERFISSTOFNUN



MOSFELLSBÆR

FÓLKVANGURINN BRINGUR Í MOSFELLSDAL

Umhverfisstofnun og Mosfellsbær auglýsa til kynningar tillögu að stofnun fólkvangs á hluta af jörðinni Bringum, efst í Mosfellsdal.

Stærð svæðisins er 18,6 hektarar.



Frestur til að skila inn athugasemdum og/eða ábendingum er til
mánudagsins 12. maí 2014.

AUGLÝSING

um fólkvanginn Bringur í Mosfellsdal

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur að tillögu sveitarfélagsins Mosfellsbæjar og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ákveðið að friðlýsa hluta af jörðinni Bringum, efst í Mosfellsdal sem fólkvang, skv. 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Bújörðin Bringur varð til sem nýbýli úr landi prestsetursins að Mosfelli árið 1856. Jörðin fór í eyði árið 1966, en þar er að finna talsvert af mannvistarleifum á bæjarstæðinu og heimatúninu. Jörðin Bringur er norðan Köldukvíslar en þaðan er víðsýnt yfir Mosfellsdal og allt til hafs. Handan árinna, utan fólkvangsins, rís Grímansfell, sem er hæsta fjall Mosfellsbæjar, og rétt við túngarðinn er Helgufoss í Köldukvísl. Vestan við fossinn eru Helguhvammur, rústir Helgusels og Helguhóll, einnig nefndur Hrafnaklettur. Sagan segir að þar sé mikil huldufólksbyggð. Seljarústirnar vitna um löngu horfna atvinnuhætti þegar búpeningur var hafður í seli yfir sumartímann. Þjóðtrúin hermir að Helgusel sé nefnt eftir Helgu dóttur Bárðar Snæfellsáss, en önnur skýring á nafngiftinni byggir á því að landsvæðið var fyrrum í eigu kirkjustaðarins á Mosfelli og upphafleg merking nafnsins væri þá hið helga sel.

Örskammt frá túnfætinum í Bringum má sjá leifar af þjóðbraut, svonefndum Bringnavegi, sem lagður var árið 1910. Vegur þessi var tengileið milli Mosfellsdals og gamla Þingvallavegarins sem lá yfir Mosfellsheiði til Þingvalla.

Hið friðlýsta svæði er 18,6 hektarar að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda hluta jarðarinnar Bringna til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess sérstakar náttúru- og menningarmínjar.

3. gr.

Mörk fólkvangsins

Mörk fólkvangsins liggja frá upphafspunkti á norðurbakka Köldukvíslar, um 250 metra ofan við Helgufoss (hnit punktur nr. 22). Frá þessum punkti liggja þau 330 metra í norðurátt og fylgja línu afmörkunar vatnsverndarsvæðis, austan við gamla bæjartúnið í Bringum og í punkt sem liggur um 250 metra sunnan við Nesjavallalínuveg. Síðan liggja mörkin 380 metra til norðvesturs, að upphafi gönguslóða sem liggur frá bílastæði inn á svæðið. Þaðan liggja mörkin til suðvesturs 370 metra þar til komið er á móts við neðri mörk bæjartúnsins (hnit punktur nr. 2). Þaðan liggja þau suður að Köldukvísl 125 m og síðan eftir miðri ánni að upphafspunkti.

Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu (ISN93) og á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali.

Nr	X	Y	Nr	X	Y
1	376884.131	410997.167	13	376957.904	410463.161
2	375714.645	410668.268	14	376984.582	410459.157

3	376736.548	410545.201	15	377018.597	410449.147
4	376758.482	410561.260	16	377053.279	410445.810
5	376792.497	410575.941	17	377078.624	410462.493
6	376819.176	410598.631	18	377102.635	410472.503
7	376835.850	410581.947	19	377125.979	410468.499
8	376847.855	410566.598	20	377141.986	410472.503
9	376867.197	410552.584	21	377171.999	410490.521
10	376889.874	410540.572	22	377191.781	410494.480
11	376921.221	410493.191	23	377221.919	410823.101
12	376927.891	410475.840			

4. gr.

Verndun gróðurs, landslags og menningarminja

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi og gáleysi innan marka fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og við uppgræðslu skal tryggt að líffræðilegri fjölbreytni svæðisins sé ekki raskað.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan fólkvangsins, þ.m.t. ræktun framandi plöntutegunda, í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Uppræta skal framandi tegundir, s.s. alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), skógarkerfil (*Anthriscus sylvestris*) og spánarkerfil (*Myrrhis odorata*).

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir og menningarminjar í fólkvanginum.

5. gr.

Veiði og notkun skotvopna

Notkun skotvopna er bönnuð innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun, í samráði við Mosfellsbæ, er þó heimilt að veita leyfi til veiða á ref, mink og öðrum villtum dýrum, í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Landeigendum og öðrum rétt höfum er heimil stangveiði í Köldukvísl eins og verið hefur, í samræmi við ákvæði laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

6. gr.

Umferð innan fólkvangsins

Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé góðrar umgengni gætt. Fylgja skal merktum stígum og leiðum eftir því sem kostur er.

Umferð vélknúinna farartækja og lausaganga hunda er óheimil innan fólkvangsins.

Hrossabeit er heimiluð á svæðinu í samráði við umsjónaraðila svæðisins og í samræmi við almennar reglur um hagabeit og starfsreglur um góða búskaparhætti. Leyfilegt er að fara á hestum um fólkvanginn eftir þeim reiðleiðum sem skilgreindar verða.

7. gr.

Tjöldun og umgengni innan fólkvangsins

Óheimilt er að hafa næturstað innan fólkvangsins.

Óheimilt er að urða eða skilja eftir rusl og úrgang innan fólkvangsins.

8. gr.

Umsjón með fólkvanginum

Mosfellsbær ber kostnað af stofnun og rekstri fólkvangsins sbr 56. gr. laganna. Umhverfisstofnun skal gera samning um umsjón og eftirlit með fólkvanginum við sveitarfélagið Mosfellsbæ sem umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir. Í samningnum skal meðal annars kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, reglulegt eftirlit og fræðslu.

9. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir fólkvanginn Bringur í samráði við Mosfellsbæ, sbr. d-lið 2. mgr. 6. greinar laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Í verndar- og stjórnunaráætluninni skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

10. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi innan marka fólkvangsins eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar, og í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og samþykktar verndaráætlun. Varðandi allar framkvæmdir á verndarsvæðinu ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd.

11. gr.

Refsiákvæði


Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. grein laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal



	x	y	x	y
1	376884.131	410997.167	13	376957.904
2	376714.645	410668.268	14	376984.583
3	376736.548	410545.201	15	377018.597
4	376758.482	410561.260	16	377053.279
5	376792.497	410575.941	17	377078.624
6	376819.176	410598.631	18	377102.635
7	376835.650	410581.947	19	377125.979
8	376847.855	410566.598	20	377141.986
9	376867.197	410552.584	21	377171.999
10	376889.874	410540.572	22	377191.781
11	376921.221	410493.191	23	377221.919
12	376927.891	410475.840		

	Fólkvangurinn Bringur	Mörk frídlýsingar		Flatamál: 1.850,81 m ²
				Kortavörpun: Lambert keliuvörpun
				Hnattstaða: ISN93
				Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ
				Dags: 07-04-2014
Loftmynd: Samsyn				